



VEIÐIMÁLASTOFNUN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES
HVERFISGÖTU 116 - P.O.BOX 5252 - 125 REYKJAVÍK - ICELAND

Inngangur

Sextánda ágúst 1990 voru starfsmenn Veiðimállastofnunnar við seiðarannsóknir í vatnakerfi Miðfjarðarár í Bakkafirði. Rafveitt var á þremur stöðum; einum stað í Kverká og tveimur í Miðfjarðará. Ær þetta í fjórða skiptið sem slíkar rannsóknir fara fram í ánni en rannsóknir voru gerðar 1983 (Árni Helgason 1984), 1987 (Árni Jóhann Óðinsson 1987) og 1988 (Sigurður Guðjónsson 1989) af Veiðimállastofnun og hefur niðurstöðum þeirra rannsókna verið gerð skil í skýrslum stofnunarinnar.

A. Seiðabúskapur

Alls var rafveitt á 720 m².

Stöð 1: Miðfjarðará n.v. Veiðihús, malar- og stórgrytisbotn, 220 m².

Stöð 2: Kverká o.v. brú, kleppar- og stórgrytisbotn, 100 m².

Stöð 3: Miðfjarðará o.v. gömlu brú, gróin læna, 400 m².

Eins og sést á töflu 1 veiddust samtals 92 seiði í rafveiðinni og voru það allt laxaseiði. Péttleiki var frá 6 - 17.2 seiði á hverja hundrað fermetra en meðaltalið var 12.8 seiði (mynd 1-4 og tafla 1), sem er mjög gott ástand. Seiðin voru aldursgreind og koma 5 árgangar fram í veiðinni (0+ = klakárgangur 1990 til 4+ = klakárgangur 1986).

**TAFLA 1. FJÖLDI SEIÐA Á EINSTK. STÖÐVUM EFTIR ALDRI
(PÉTTLEIKI/100 M²)**

STÖÐ (M ²)	ALDUR					SAMTALS
	0	1	2	3	4	
1 220	1(0.5)		1(0.5)	11(5.0)		13(6.0)
2 100			4(4.0)	6(6.0)		10(10.0)
3 400	5(1.2)	4(1.0)	6(1.5)	48(12.0)	6(1.5)	69(17.2)
ALLAR 720	6(0.8)	4(0.6)	11(1.5)	65(9.1)	6(0.8)	92(12.8)

Við mat á styrkleika einstakra árganga verður að hafa í huga að mikil skórun er milli þeirra (í stærð seiða) sérstaklega í eldri árgöngunum (2+ og eldri) og eins byggir aldursdreifingin á fremur fáum sýnum, þess vegna verður að líta á þennan þátt sem grófa nálgun á raunverulega aldursdreifingu í ánni. Af einstökum árgöngum er klakárgangurinn frá 1987 (3+) áberandi sterkestur og er það í góðu samræmi við aðrar ár á NA-landi, en 1987 var mjög gott ár fyrir seiðabúskap allra vatnsfalla í þessum landshluta. Seiði úr klaki 1988 eru einnig í góðu lagi (fjöldi þeirra er sennilega vanmetinn) og má því búast við góðri laxagengd þegar þessir árgangar fara að skila sér aftur í ánni en það verður væntanlega 1993 - 1995. Þetta er þó háð því að aðstæður í sjónum verði góðar er seiðin ganga til sjávar en mikil efföll verða ef sjór er kaldur og lítið um æti.

Af öðrum árgöngum virðist 1+ (klakár 1989) vera fremur lélegur árgangur og stafar það af því hversu lélegt ár 1989 var, en 1989 árgangurinn virðist vera lélegur í öllum ánum á þessu svæði. Laxagangan samanstendur af mör gum árgöngum og einn lélegur árgangur er bættur upp af árgöngum við hliðina, er því ekki líklegt að þetta komi til með að hafa einhver veruleg áhrif á laxagengd ef nærliggjandi árgangar eru sterkir. Því er ekki rétt að svo stöddu að grípa til einhværra sérstakra ráðstafanna en mikilvægi þess að vel sé fylgst með seiðabúskap árinna ætti að vera ljós. Um aðra árganga er ekki mikið hægt að segja m.t.t. stryks þeirra. Klakárgangur 1986 (4+) er að mestu leyti kominn útúr veiði þar sem hann er kominn á of djúpt vatn til þess að veiðast, og einnig er hluti hans genginn til sjávar. Seiði úr klaki 1990 (0+) veiddust á tveimur stöðvanna og þó að fjöldi þeirra sé ekki mikill gæti það verið vísbinding um að klak hafi heppnast ágætlega. En klak á sér stað í ágúst og september í ám á þessu svæði og því koma þau seiði ekki sterkt útúr rafveiði og einnig veiðast þau fremur illa með þessari aðferð.

B. Laxagangan

Sumrið 1990 veiddust samtals 133 laxar í Miðfjarðará (munnl. upplýs. Guðna Guðbergssonar VMST. Reykjavík) og er það u.p.b. 100 lóxum minni veiði en 1989, en þá veiddust 235 laxar (Guðni Guðbergsson 1990). Meðalveiði tímabilsins 1974 - 1989 er 138 laxar svo að síðastliðið sumar hefur verið meðalár í veiði. Alls bárust hreistursýni af 85 lóxum úr afla síðasta árs og er greinilegt að vel er staðið að málum í því efni. Samsetning göngunnar var metin útfrá hluta af þessum sýnum (69 sýni) en niðurstöður lesturs á hreistri eru sýndar í töflu 2. Greinilegt er að stórlax (> 2.ára) hefur verið ríkjandi í afla (61 % göngunnar er stórlaxa) og er það í samræmi við aðrar ár á NA - landi, en seiði sem gengu til sjávar 1988 hafa skilað sér vel í veiði aftur, sem smálax 1989 og stórlax 1990.

TAFLA 2. ALDURSSAMSETNING LAXA Í MIÐFJARDARÁ Í BAKKAFIRDI 1990,
LESÍÐ AF HREISTRI.

Ár í sjó Ár í fersk- vatni	1		2		Samtals	%
	Hængur	Hrygna	Hængur	Hrygna		
2					14	20
3	5	2	1	6	43	62
4	16		7	20	12	18
5	3	1	1	7		
Samtals	24	3	9	33	69	100
%		39		61		
Kví	4	5			9	
Hafbeit/ Stepping	2	1			3	
- Aldur	2	2			4	

Pessi góða endurheimta stafar af góðu vori 1988. Um veiði næsta sumars er að sjálfsögðu erfitt að spá, líklegt er þó að stórlaxagangan verði aldrei meiri en í meðalári. Um smálaxagönguna er erfiðara að spá, en stærð hennar ræðst m.a. af því hvernig til hefur tekist með seiðasleppngar 1987, en seiði úr sleppingunni hafa gengið til sjávar að mestum hluta síðast liðið vor og ættu því að koma að hluta til baka í ár sem smálax.

Prír fiskar eru hugsanlega úr sleppingunni frá 1987 en mögulegt er þó að hér sé um hafbeitarfisk að ræða. Ef seiðasleppingum á að halda áfram og hægt á að vera að meta endurheimtur þeirra með einhverri vissu verður að örmerkja seiðin áður en þeim er sleppt í ánnu. Ekki er endilega nauðsynlegt að örmerkja öll þau seiði sem sleppt yrði, en merkja yrði það mikið að marktækjar niðurstöður fengjust. Upplýst skal hér að merkið kostar í dag 12 krónur og sér Veiðimálastofnun um framkvæmd þeirra.

Athuglisvert er að af þeim 85 sýnum sem bárust reyndust 9 (11%) vera af eldislaxi nánar tiltekið kyáfiski, þetta er mun hærra hlutfall en búast mætti við í ljósí þess að langt er í næstu kvíastöðvar. Bent hefur verið á að eldisfiskur geti haft óæskileg áhrif á náttúrulega laxastofna (Sigurður Guðjónsson 1988). Eru þessi áhrif fyrst og fremst tvíþætt, annarsvegar kemur til eukin hætta á að sjúkdómer og snýkjudýr berist í stofn árinnar og hins vegar erfðablöndun sem leiddi til þess að hæfni stofnsins til þess að lifa í sínu umhverfi minnkaði. Full ástæða er til að fylgjast vel með þróun þessara mála og því mikilvægt að áfram verði vel staðið að hreisturtöku.

Heimildir

Árni Helgason 1984. Fiskirannsóknir í Miðfjarðará 1983.

Árni Jóhann Óðinsson 1988. Seiðarannsóknir í Miðfjarðará og Litlu- Kverká 1987. VMSTR/88031.

Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. VMST-R/90016

Sigurður Guðjónsson 1988. Eldislax í ám við Faxaflóa. VMSTR/88037.

Sigurður Guðjónsson 1989. Seiðarannsóknir í nokkrum ám Norð-Austurlands. VMST/89030.

